

HANDBÓK INNVIÐASJÓÐS

VEGNA INNVIÐA Á VEGVÍSI

REGLUR FYRIR UMSÆKJENDUR OG FAGRÁÐ

2020

Útgáfa 1.0

Útgáfa 1.0

Stjórn Innviðasjóðs hefur samþykkt handbók þessa.

Handbókin gildir fyrir umsóknir um verkefni á vegvísi um rannsóknarinnviði með umsóknarfrest
2. nóvember 2020.

Ekki er sótt um styrki í þessu kalli.

Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Formáli | 1 |
| 1 Almennar upplýsingar varðandi Innviðasjóð | 1 |
| 1.1 Hlutverk vegvísis Innviðasjóðs um rannsóknarinnviði | 1 |
| 1.2 Stjórn Innviðasjóðs | 1 |
| 1.3 Fagráð Innviðasjóðs | 1 |
| 1.4 Sérfræðingar Innviðasjóðs | 1 |
| 1.5 Siðareglur umsýsluaðila | 1 |
| 1.6 Vanhæfisreglur | 2 |
| 1.7 Misferli | 2 |
| 1.8 Opið aðgengi að niðurstöðum | 2 |
| 2 Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda | 3 |
| 2.1 Tilgangur með gerð vegvísis um rannsóknarinnviði | 3 |
| 2.2 Almenn um uppbyggingu umsóknar | 4 |
| 2.3 Staðfesting á rekstri | 4 |
| 2.4 Mótframlag umsækjenda | 4 |
| 2.5 Tímasetningar | 5 |
| 3 Matsferli nýrra umsókna | 5 |
| 3.1 Meðhöndlun umsókna | 5 |
| 3.1.1 Forskoðun | 5 |
| 3.1.2 Faglegt mat á umsóknum | 5 |
| 3.1.3 Ákvörðun um stöðu á vegvísi | 5 |
| 4 Leiðbeiningar til fagráðsmanna | 6 |
| 4.1 Rafrænt matskerfi | 6 |
| 4.2 Matsferlið | 6 |
| 4.3 Fagráðsfundir | 6 |

FORMÁLI

Vegvísir um rannsóknarinnviði verður gefinn út í lok árs 2020 í fyrsta sinn hér á landi. Á vegvísi verða taldir upp rannsóknarinnviðir sem uppfylla kröfur um að vera mikilvægir fyrir frekari uppbyggingu/þróun rannsókna á Íslandi, hafa mikið samfélagslegt gildi og stuðla að öflugu samstarfi á milli háskóla og rannsóknarstofnana, og í sumum tilfellum einnig fyrirtækja. Innviðir á vegvísi skulu hafa forgang við úthlutun styrkja úr Innviðasjóði í samræmi við þá stefnumörkun um uppbyggingu og eflingu vísinda hér á landi sem vegvísirinn felur í sér.

Þetta er fyrsta útgáfa af handbók Innviðasjóðs fyrir umsækjendur og fagrád vegna innviða á vegvísi og gildir hún fyrir umsóknarfrestinn í nóvember 2020. Markmið handbókarinnar er að auka gegnsæi ferlisins fyrir alla sem koma að því, allt frá auglýsingu umsóknarfrests að útgáfu vegvísis. Í handbókinni eru reglur vegna umsóknarferlisins og ýmsar gagnlegar upplýsingar. Til að handbókin gegni hlutverki sínu eru allir sem koma að ferlinu (umsækjendur og fagráðsmenn) hvattir til að lesa hana í heild sinni.

1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI INNVIÐASJÓÐ

1.1 HLUVERK VEGVÍSIS INNVIÐASJÓÐS UM RANNSÓKNARINNVIÐI

Innviðasjóður er opinn samkeppnissjóður sem starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 3/2003 með áorðnum breytingum). Hlutverk sjóðsins er að styðja við uppbyggingu rannsóknarinnviða á Íslandi. Við val á innviðum á vegvísi eru höfð til hliðsjónar [vísinda- og tæknistefna Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2020-2022](#) og [úthlutunarstefna vísindanefndar og tækninefndar](#) sem undir ráðinu starfa.

1.2 STJÓRN INNVIÐASJÓÐS

Ráðherra skipar fjögurra manna stjórn til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningu vísindanefndar og tækninefndar Vísinda- og tækniráðs. Að auki skipar ráðherra formann stjórnar án tilnefningar en varaformann úr hópi hinna fjögurra. Að skipun lokinni eru nöfn stjórnarmanna birt á vef Rannís.

Stjórn sjóðsins samþykkir úthlutunarreglur og leiðbeiningar og tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum. Stjórnin byggir ákvarðanir sínar á faglegum umsögnum fagráðs Innviðasjóðs og áherslum Vísinda- og tækniráðs um uppbyggingu rannsóknarinnviða. Stjórn sjóðsins stýrir vinnu við gerð vegvísu um rannsóknarinnviði.

1.3 FAGRÁÐ INNVIÐASJÓÐS

Vísindanefnd og tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipa allt að níu einstaklinga með víðtæka reynslu af rannsóknum og þekkingu á innlendu og erlendu rannsóknarumhverfi í fagrád Innviðasjóðs til tveggja ára í senn. Við samsetningu fagráðsins er tekið mið af fjölbreytninni með því að skipa fulltrúa frá sem flestum fagsviðum (félagsvísindi, heilbrigðisvísindi, hugvísindi, listir, menntavísindi, náttúruvísindi, raunvísindi og verkfræði). Fagrád Innviðasjóðs sér um faglegt mat á umsóknum.

Vísindanefnd og tækninefnd skipa formann fagráðs úr röðum fagráðsmanna. Formaður, með aðstoð umsjónarmanns fagráðsins, ber ábyrgð á að samhæfa vinnulag fagráðsmanna og að ráðið komist að sameiginlegri niðurstöðu við mat á umsóknum. Formaður og umsjónarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því að umfjöllun og mat á umsóknum á fagráðsfundum sé í samræmi við reglur Innviðasjóðs.

Eftir að fagráðið hefur verið skipað eru nöfn fagráðsmanna birt á vef Rannís.

1.4 SÉRFRÆÐINGAR INNVIÐASJÓÐS

Sérfræðingar Innviðasjóðs hjá Rannís veita upplýsingar og aðstoð virka daga frá 9:00 – 16:00. Almennum spurningum varðandi sjóðinn og umsóknir sem eru í matsferli skal beint til sérfræðinga Innviðasjóðs.

1.5 SIÐAREGLUR UMSÝSLUAÐILA

Meðlimir stjórnar Innviðasjóðs, meðlimir fagráðs Innviðasjóðs, sérfræðingar sjóðsins og aðrir sem koma að umsýslu umsókna í sjóðinn eru bundnir algerum trúnaði. Farið er með allar umsóknir, fylgigögn þeirra og matsblöð sem trúnaðarmál. Þessi trúnaðargögn má ekki nota í neinum öðrum tilgangi en við faglegt mat og þau má ekki birta, gefa út eða sýna þriðja aðila með öðrum hætti. Afrit

skulu aðeins vera útbúin af trúnaðargögnum þessum ef það þykir nauðsynlegt vegna faglegs mats. Að matsferli loknu skal varðveita umsókn og matsblöð í rafrænu skjalasafni Rannís. Fagráð Innviðasjóðs er meðvitað um að birting eða ólögmat nýting trúnaðarupplýsinga getur valdið eigendum þeirra óbætanlegu tjóni. Eigandi trúnaðarupplýsinga á rétt á að leita til dómstóls sem lögsögu hefur í málinu og krefjast tiltekinna aðgerða, fara fram á bann við frekari uppljóstrun eða öðrum brotum og/eða setja fram aðrar kröfur sem eigandi upplýsinganna telur viðeigandi. Slíkur réttur eiganda kemur til viðbótar þeim úrræðum sem standa skráðum eiganda eða þeim sem leiðir rétt frá honum (raunverulegum eiganda) til boða.

1.6 VANHÆFISREGLUR

Fagráðsmenn og stjórnarmenn skulu teljast vanhæfir vegna tiltekinna umsóknar ef eitthvað eftirfarandi tilvika á við:

- Almennar vanhæfisástæður sem taldar eru upp í stjórnsýslulögum (nr. 37/1993)
- Náin vinátta, fjölskyldutengsl eða mægðir fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Persónuleg andstaða fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Fagleg samkeppni eða náin samvinna milli fagráðsmanns eða stjórnarmanns og umsækjanda.
- Fagráðsmenn geta ekki verið í forsvari fyrir umsókn í Innviðasjóð.
- Ef stjórnarmaður er þátttakandi í umsókn þarf hann að segja sig frá umfjöllun um úthlutun viðkomandi styrkars og þarf þá að kalla inn varamann sem ekki er vanhæfur af ofangreindum ástæðum.

Fagráðsmenn og stjórnarmenn sem teljast vanhæfir samkvæmt ofanskráðu þurfa að víkja af fundi þegar fjallað er um viðkomandi umsókn og ákvörðun er tekin um hvort verkefni fari á vegvísi. Þetta skal skráð í fundargerðir.

Ef viðkomandi stjórnarmaður eða fagráðsmaður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá sömu stofnun eða fyrirtæki er til umfjöllunar, verður að meta hversu náin tengsl eru við þá starfsmenn

sem standa að umsókninni og/eða yfirmenn viðkomandi stofnunar. Þessi tengsl þurfa ekki nauðsynlega að leiða til vanhæfis.

Stjórnarmenn og fagráðsmenn eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi við að fjalla um umsóknir í Innviðasjóð.

1.7 MISFERLI

Vakni grunur um misferli, uppspuna, falsanir, ritstuld eða misnotkun í tengslum við umsókn verður viðkomandi stofnun og stjórn Innviðasjóðs gert viðvart án undantekninga.

Vakni grunur um misferli verður umsókn dregin út úr matsferlinu meðan rannsakað er hvort grunurinn reynist á rökum reistur. Reynist allt með felldu verður umsóknin sett í matsferli á ný. Sannist misferli verður umsókninni vísað frá. Stjórn Innviðasjóðs getur haft frumkvæði að sjálfstæðri rannsókn á ásökunum um misferli.

1.8 OPIÐ AÐGENGI AÐ NIÐURSTÖÐUM

Samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 með áorðnum breytingum, skal birta niðurstöður rannsókna sem fjármagnaðar eru með opinberu fé í opnu aðgengi. Niðurstöður rannsókna sem byggja á nýtingu rannsóknarinnviða sem kostaðar eru með styrkjum úr Innviðasjóði skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið. Það má gera annað hvort með því að birta í tímaritum sem gefin eru út í opnu aðgengi eða með birtingu í rafrænu varðveislusafni samhliða birtingu í hefðbundnu áskriftartímariti. Lokaútgáfa ritrýnds handrits skal send varðveislusafni um leið og greinin hefur verið samþykkt til birtingar. Ef tímaritið fer fram á biðtíma áður en greinin verður aðgengileg í opnu aðgengi verður hún birt sjálfkrafa að þeim tíma loknum.

Vinsamlegast kynnið ykkur [reglur Rannís um varðveislusöfn](#). Opinvisindi.is heldur utan um varðveislusafn fyrir íslenska háskóla. Lög um opið aðgengi eiga aðeins við um birtingar niðurstaðna í ritrýndum vísindatímaritum.

2 REGLUR OG LEIÐBEININGAR TIL UMSÆKJENDA

2.1 TILGANGUR MEÐ GERÐ VEGVÍSIS UM RANNSÓKNARINNVIÐI

Ein af lykilstoðum framúrskarandi árangurs í vísindum og rannsóknartengdri nýsköpun er gott aðgengi að rannsóknarinnviðum. Mikil fjárfesting felst oft í rannsóknarinnviðum og rekstri þeirra yfir lengri tíma. Mikilvægt er að slík fjárfesting byggji á faglegri ákvarðanatöku, heildarsýn og stefnu.

Með útgáfu vegvísis er ætlunin að efla rannsóknarinnviði og mynda heildarstefnu í uppbyggingu rannsóknarinnviða á Íslandi. Með því að efla aðgengi vísindamanna að hágæða rannsóknarinnviðum bæði innanlands og erlendis er markmiðið að:

- Auka gæði rannsókna og efla samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegu vísindastarfi.
- Skapa öflugt rannsóknarumhverfi sem stuðlar að eftirsóknarverðum aðstæðum fyrir rannsóknarnám, laðar að færa vísindamenn og eflir alþjóðlegt vísindasamstarf.
- Styrkja möguleika Íslands til að takast á við samfélagslegar áskoranir sem gerir landið hæft til þess að sækja fram í heimi sífelldra breytinga.

Til þess að ná fram markmiðunum verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi atriði við mat á vegvísaverkefnum:

- Efla uppbyggingu og rekstur hágæða rannsóknarinnviða til framtíðar með skýrri framtíðarsýn um heildaruppbyggingu rannsóknarinnviða innan stofnana og á Íslandi öllu, sem og stuðla að raunhæfu rekstrarumhverfi þeirra.
- Opna aðgengi að rannsóknarinnviðum og hámarka nýtingu þeirra með því að efla samstarf stofnana og gera innviðina aðgengilega notendum utan þeirrar stofnunar sem hýsir þá.
- Styrkja samstarf um rannsóknarinnviði með samvinnu um uppbyggingu innlendra innviða auk þátttöku í erlendum innviðaverkefnum þar sem við á.

Á vegvísi verða tilgreindir viðamiklir innviðir og innviðakjarnar sem uppfylla kröfur um að styðja við gæði í rannsóknum og samræmast áherslum Vísinda- og tækniráðs. Með innviðakjarna er átt við rannsóknarinnviði sem nýtast vel saman í rekstri og starfsemi. Með því að skilgreina slíka kjarna og huga að uppbyggingu til framtíðar er markmiðið að sækja fram og auka nýtingu og áhrif þeirra rannsóknarinnviða sem byggðir eru upp með styrkjum frá Innviðasjóði.

Hvatt er til þess að umsækjendur hugsi stórt í því hverju hægt er að áorka með bættri aðstöðu til rannsókna og skipuleggi samtímis framtíðaruppbyggingu á raunhæfan hátt með samnýtingu, samvinnu og árangur að leiðarljósi. Verkefni sem verða tilgreind á vegvísi munu njóta forgangs við úthlutun styrkja úr Innviðasjóði. Það felur ekki í sér að slakað verði á gæðakröfum varðandi umsóknir.

Auglýst var eftir tillögum um innviði á vegvísi í sumar. [Tillögurnar](#) eru aðgengilegar á vef Rannís. Umsækjendur eru hvattir til þess að skoða tillögurnar vel og leita leiða til að sameina umsóknir þar sem við á. Stjórn sjóðsins mun ekki hafa frumkvæði að því að leiða einstaka hópa saman en mikilvægt er að hafa í huga að ef fleiri en ein umsókn berst þar sem innviðir og rannsóknasvið skarast eru litlar líkur á að nokkur þeirra komist á vegvísi. Eitt af meginmarkmiðum vegvísis er að styrkja samstarf um rannsóknarinnviði og er því nauðsynlegt að þeir aðilar sem innviðirnir gagnast vinni saman að einni umsókn.

Vegvísi um rannsóknarinnvið verður skipt upp í tvo hluta:

- Framtíðarsýn varðandi uppbyggingu nýrra rannsóknarinnviðakjarna á Íslandi.
- Núverandi aðild og framtíðarsýn um aðild að ESFRI/ERIC innviðum.

Árið 2021 verður litið sérstaklega til vegvísaverkefna við úthlutun styrkja úr sjóðnum. Ekki verður úthlutað fjármagni úr sjóðnum í tengslum við auglýsingu eftir verkefnum á vegvísi í nóvember 2020. Verkefni sem tilgreind verða á vegvísi geta hins vegar sótt um fjármagn í umsóknarferli sjóðsins vorið 2021. Þar mun þurfa að gera nánari grein fyrir kostnaði, fjármögnun og rekstri, t.d. með tilboðsgögnum og staðfestingu á mótframlagi. Ef

gert er ráð fyrir að uppbygging innviðakjarna taki nokkur ár er sótt um styrk til fyrstu skrefanna. Ekki er tryggt að innviðir hljóti fjármögnun frá sjóðnum þótt þeir séu tilgreindir á vegvísi.

Til stendur að vegvísir um rannsóknarinnviði verði uppfærður á 2 – 5 ára fresti.



Mynd 1. Áætlað verkferli vegna vegvísis um rannsóknarinnviði.

2.2 ALMENNT UM UPPBYGGINGU UMSÓKNAR

Við gerð umsóknar um rannsóknarinnviði á vegvísi skal gera grein fyrir markmiðum þess að byggja upp viðkomandi innviði. Gera skal áætlun um uppbyggingu til framtíðar og áætla hvernig rekstur verður tryggður. Horfa skal 10 ár fram í tímann og lýsa hvernig reikna megi með að ástand, notkun og rekstur innviðanna verði þá.

Gera skal áætlun um uppbyggingu innviðanna næstu 3-5 ár og gera grein fyrir, þar sem við á, hvernig hægt er að skipta uppbyggingunni upp í sjálfstæða áfanga þannig að hægt sé að styrkja einn eða fleiri áfanga í senn. Ekki þarf að setja inn tilboð með umsókn um innviði á vegvísi.

Sjóðurinn styrkir ákveðna hluta uppbyggingar innviða en annar kostnaður er á ábyrgð stofnananna sem koma að uppbyggingunni og verða eigendur að aðstöðunni.

Innviðasjóður styður stofnanir til uppbyggingar innviða um allt að 75% af kostnaði við uppbygginguna. Almennar upplýsingar um viðurkenndan kostnað má finna í „[Handbók Innviðasjóðs, reglur Innviðasjóðs fyrir umsækjendur og fagráð, 2020](#)“.

Umsóknir þurfa að uppfylla öll skilyrði um styrkhæfi til að fá faglegt mat. Ef í ljós kemur meðan á matsferli stendur að eitt eða fleiri skilyrði eru óuppfyllt verður umsókn tekin úr matsferli.

2.3 STAÐFESTING Á REKSTRI

Áætla skal í umsókn kostnað vegna reksturs þeirra innviða sem sótt er um á vegvísi. Fram komi áætlaður árlegur rekstrarkostnaður og fjármögnun hans, reglur um aðgengi, áætluð gjaldtaka af notkun ef við á, þjónustubörf við bæði innviðina og notendur og hvernig henni verður mætt, hvaða kröfur verði gerðar til notenda, þjálfun o.fl. Gera skal grein fyrir hvernig eignarhaldi á innviðunum og samstarfi um rekstur þeirra verður háttáð. Með umsókn skal fylgja staðfesting frá þeim stofnunum sem að umsókninni standa um að hýsing, aðgengi, nauðsynleg mótframlög og rekstur innviða verði tryggður.

2.4 MÓTFRAMLAG UMSÆKJENDA

Mótframlag skal vera að lágmarki 25% kostnaðar. Í þessu umsóknarkalli um rannsóknarinnviði á vegvísi skal gera grein fyrir áætluðum mótframlögum. Ekki er nauðsynlegt að hlaða upp staðfestingu á upphæð mótframlagsins, aðeins almennt um að mótframlag sé tryggt (sjá hér að ofan).


Mótframlag er skilgreint sem hluti upphæðar í peningum eða hluti launakostnaðar vegna uppsetningar innviða. Hlutur Innviðasjóðs reiknast jafn á alla liði þannig að ekki er hægt að setja t.d. launakostnað sem mótframlag við tækjakaup. Afsláttur á tækjum, vinnu eða aðstöðu reiknast ekki sem mótframlag.

Tæki sem keypt eru fyrir styrk úr Innviðasjóði eru undanþegin virðisaukaskatti af framlagi sjóðsins til kaupanna (sjá 35. grein reglugerðar 630/2008 um ýmis tollfríðindi). Niðurfelling hluta virðisaukaskatts getur ekki talist sem mótframlag.

Athugið að mótframlag er að jafnaði ekki undanþegið virðisaukaskatti og bera umsækjendur ábyrgð á því að reikna hann ofan á mótframlags-upphæðina.

2.5 TÍMASETNINGAR

Umsóknarfrestur fyrir umsóknir um innviði á vegvísi er auglýstur með a.m.k. 6 vikna fyrirvara. Áætlaðar tímasetningar fyrir umsýsluferli umsókna um innviði á vegvísi fyrir styrkárið 2020 má sjá á mynd 2.



Mynd 2. Áætlaðar tímasetningar vegna umsóknarferlis um rannsóknarinnviði á vegvísi.

3 MATSFERLI NÝRRA UMSÓKNA

Fagráð metur umsóknir í Innviðasjóð áður en stjórn sjóðsins tekur þær til afgreiðslu. Fagráðið leggur mat á gæði umsókna m.t.t. nokkurra meginþátta s.s. mikilvægi innviða fyrir öflugar rannsóknir á Íslandi, samstarf um uppbyggingu og notkun, aðgengi vísindamanna að þeim og raunhæfi kostnaðar- og rekstraráætlunar (sjá nánar í kafla 4 – Leiðbeiningar til fagráðsmanna). Stjórn leggur auk þess mat á hversu vel umsóknir falla að Vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2020-2022.

3.1 MEÐHÖNDLUN UMSÓKNA

3.1.1 FORSKOÐUN

Umsóknirnar eru forskoðaðar af umsjónarmanni sjóðsins. Ófullgerðum umsóknum og umsóknum þar sem ekki hefur verið farið eftir reglum sjóðsins er vísað frá án frekara mats og er umsækjanda tilkynnt um slíkt.

3.1.2 FAGLEGT MAT Á UMSÓKNUM

Við mat á vegvísisumsóknum verður horft til eftirfarandi viðmiða:

- 1) Alþjóðlega samkeppnishæft rannsóknarumhverfi á Íslandi
- 2) Opið aðgengi og samstarf
- 3) Uppbygging og rekstur innviðanna til framtíðar
- 4) Tekist á við samfélagslegar áskoranir

3.1.3 ÁKVÖRÐUN UM STÖÐU Á VEGVÍSI

Stjórnin tekur ákvarðanir um rannsóknarinnviði á vegvísi að fengnum umsögnum fagráðs. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins getur veitt ef þurfa þykir. Til viðbótar hinu faglega mati, sem fagráð skilar, skal stjórn Innviðasjóðs miða umfjöllun sína við áherslur Vísinda- og tækniráðs, úthlutunarstefnu sjóðsins sem samþykkt er af vísindanefnd og tækninefnd Vísinda- og tækniráðs og fjárframlögum í sjóðinn. Við val á innviðum á vegvísi tekur stjórn sjóðsins tillit til samfélagslegra áskorana sem tilteknar eru í Vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2020-2022. Þær samfélagslegu áskoranir sem þar eru tilteknar eru:

- a) Umhverfi, lífríki og loftslag
- b) Heilsa og velferð
- c) Líf og störf í heimi breytinga

Horft verður m.a. til eftirfarandi þátta:

- Hefur innviðurinn samfélagslega þýðingu fyrir Ísland?
- Hvernig nýtist innviðurinn til þess að takast á við ofan nefndar [samfélagslegar áskoranir](#)?
- Þar sem við á: styður innviðurinn við uppbyggingu þekkingariðnaðar með samstarfi við atvinnulíf og nýsköpun?

Umsækjendur fá svarbréf í hendur með mati fagráðs áður en vegvísir um rannsóknarinnviði er gefinn út.

Vinsamlegast athugið að umsækjendur eiga ekki undir nokkrum kringumstæðum að hafa samband við fagráðsmenn eða stjórnarmenn meðan mat umsókna fer fram. Öllum fyrirspurnum og ábendingum skal beina til Rannís. Brot á þessu ákvæði leiðir til frávísunar umsókna.

4 LEIÐBEININGAR TIL FAGRÁÐSMANNA

Hlutverk fagraðs Innviðasjóðs er að meta umsóknir sem berast sjóðnum út frá eftirfarandi:

1) Vísindalegu mikilvægi innviðanna og líkum á að notkun þeirra skili mælanlegum árangri og ávinningi

- Hvernig styður fjárfesting í rannsóknarinnviðunum við aukin gæði rannsókna?
- Hvernig leiðir fjárfesting í innviðunum til nýliðunar í vísindum og nýsköpun?
- Gagnast innviðirnir rannsóknarverkefnum styrktum af samkeppnissjóðum?
- Stuðlar innviðurinn að mikilvægri þjálfun mannauðs fyrir rannsóknir og/eða nýsköpunartengda atvinnustarfsemi?
- Hvernig ýta innviðirnir undir alþjóðlegt vísindasamstarf?
- Þar sem við á: Tengjast innviðirnir alþjóðlegu innviðasamstarfi, t.d. verkefni á ESFRI vegvísi?

2) Samstarfi um uppbyggingu og notkun innviðanna

- Er breitt samstarf um uppbyggingu og rekstur innviðanna?
- Eru raunhæfar áætlanir um aðgang notenda að innviðunum utan þeirrar stofnunar sem hýsir þá?
- Hversu vel munu innviðirnir nýta þá rannsóknarfærni sem er til staðar í landinu og stuðla að samstarfi innanlands?

3) Gæðum og raunhæfi áætlana um kostnað við uppbyggingu og rekstur

- Eru innviðirnir hluti af stærri innviðakjarna?
- Styðja innviðirnir við stefnu stofnana sem að þeim standa um uppbyggingu og rekstur rannsóknarinnviða og innviðakjarna?
- Hvert er samspil á milli nýrra innviða og þeirra sem fyrir eru?
- Hversu skýr er ábyrgð stofnana á stjórnun, uppbyggingu og rekstri innviða?
- Eru áætlanir um fjármögnun reksturs eftir að uppbyggingu lýkur?

Fagrað afgreiðir hverja umsókn með greiningu í styrkleikaflokka og skriflegu mati og forgangsraðar þeim á grunni hins faglega mats.

4.1 RAFRÆNT MATSKERFI

Fagraðsmenn fá aðgang að rafrænu matskerfi Innviðasjóðs. Þar er að finna allar umsóknir sem bárust fagraðinu, viðeigandi fylgigögn og matsblað fagraðs. Til að fá fullan aðgang að öllum gögnum þarf fagraðsmaður fyrst að samþykka trúnaðaryfirlýsingu og merkja við vanhæfi gagnvart þeim umsóknum sem hann er vanhæfur til að fjalla um. Fagraðsmenn fá ekki aðgang að umsóknum og fylgiskjölum umsókna sem þeir eru vanhæfir til að meta.

4.2 MATSFERLIÐ

Umsóknum sem berast sjóðnum er skipt á milli fagraðsmanna þannig að tilgreindir eru þrír lesarar fyrir hverja umsókn. Einn lesarinn er jafnframt ritstjóri og ber ábyrgð á að taka saman drög að mati fagraðsins í samráði við hina lesarana. Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda umsókna á hvern fagraðsmann. Allir fagraðsmenn eru hvattir til að kynna sér allar umsóknir fagraðsins.

4.3 FAGRÁÐSFUNDIR

Fyrir fagraðsfundi

Lesarar skrifa stutta umsögn og mat á hverri umsókn í rafræna matskerfið. Með hliðsjón af umsögn lesara útbýr ritstjóri samantekt um styrkleika og veikleika þeirra umsókna sem hann er ábyrgur fyrir. Samantektin er jafnframt drög að mati fagraðsins.

Á fagraðsfundum

Fagraðið hittist síðan á fundi í húsakynnum Rannís. Fagraðsmenn, sem lýst hafa sig vanhæfa til að fjalla um umsókn, yfirgefa fundarherbergið þegar viðkomandi umsókn er rædd og er það skjalfest í fundargerð umsjónarmanns fagraðs.

Á fagraðsfundum kynnir ritstjóri umsóknina og eigin umsögn. Að því loknu koma lesarar með sínar athugasemdir og fagraðið ræðir matið og gengur frá sameiginlegu fagraðsmati.

Þegar fagraðið hefur rætt allar umsóknirnar er þeim forgangsraðað á grundvelli styrkleikaflokka. Einkunn er gefin í samræmi við heildarmat fagraðsins á umsókninni (sjá töflu 1) og umsóknum í flokki A og B er raðað eftir gæðum.

| | |
|---|---|
| A | Umsóknir sem fagráð telur að beri af og eigi að njóta forgangs á vegvísi um rannsóknarinnviði |
| B | Umsóknir sem eru hæfar til að fara á vegvísi um rannsóknarinnviði |
| C | Umsóknir sem fagráðið telur að ekki eigi erindi á vegvísi |

Tafla 1. Styrkleikaflokkar umsókna.

Umsækjendur fá sent svarbréf ásamt fagráðsmati þegar stjórn Innviðasjóðs hefur ákveðið hvaða innviðir komast á vegvísinn. Umsögnin skal vera uppbyggileg og þannig úr garði gerð að umsækjandi hafi sem mest gagn af.

Eftir fagráðsfundi

Formaður fagráðs staðfestir lokamat fagráðs í samráði við umsjónumann fagráðsins og kynnir matsferli og niðurstöður fyrir stjórn Innviðasjóðs sem tekur ákvörðun um hvaða verkefni fari á vegvísi.

Formaður fagráðsins fundar með stjórninni þar sem hann gerir grein fyrir fagráðsvinnunni og hvort álitamál hafi komið upp við mat umsókna. Formaður gerir grein fyrir umsóknum sem flokkaðar voru í flokka A og B (sjá töflu 1).

Umsjónumaður fagráðsins fylgir formanni á fund stjórnar. Framkvæmd fundarins er í meginráttum þannig að formaður kynnir:

- Fagráðið

Kynning á fagráðsmönnum, nafn og sérfræðipækking.

Hversu vel náði sérfræðipækking fagráðsins yfir fagsviðið?

- Umsóknir

Fjöldi sem barst fagráðinu.

Stutt lýsing á verkefnum sem metin voru í A flokk (B flokk ef með þarf).

- Álitamál sem upp komu við fagráðsvinnuna.

- Ábendingar um það sem betur má fara í vinnuferlinu.